



Félagsfræði. 5. bekkur

FÉLA2AA10

Á haustönn munum við fjalla um félagsfræðilegt innsæi, félagsvísindagreinar, helstu brautryðjendur félagsfræðinnar, sögu, rannsóknir, menningu, samfélag, fjölskylduna, stjórnmal og kenningar og hugtök sem tengjast þeim. Við lærum að aðgreina helstu kenningar og skiptingu þeirra í samvirkni-, átaka- og samskiptakenningar. Eftir áramót verður sjónum beint að alþjóðasamfélaginu. Fjallað verður um brautryðjendur félagsfræðinnar og sérkenni hennar sem vísindagreinar og stöðu félagsfræðinnar í nútímasamfélagi. Einnig verða tekin fyrir önnur málefni er tengjast félagsfræði og því sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni.

Kenndar eru fimm kennslustundir á viku og fer kennsla fram með fyrirlestrum, umræðum, tímaverkefnum, verkefnavinnu, bæði eru unnin einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Námsmarkmið.

Nemendur:

- Þjálfist í að fylgjast með og taka þátt í umræðu um samfélagið
- fái innsýn í veruleika þeirra sem búa við fátækt og skort á tækifærum
- auki þekkingu sína á íslensku samfélagi og samfélagi þjóða
- æfist í afla sér félagslegra upplýsinga og vinna skipulega úr þeim
- efli með sér gagnrýna hugsun, skilning og virðingu.
- Þekki og kunni að nota helstu hugtök félagsfræðinnar.
- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og ábyrgð á eigin námi

Námsefni:

- ***Kemur félagsfræðin mér við?*** Iðnú. Björn Bergsson, Nína Rós Ísberg og Stefán Karlsson. Kaflar 12,3, og 4 fyrir áramót.

- Efni af veraldarvefnum sem nemendur vinna úr í kennslustundum.
- Verkefni og spurningar frá kennara
- Einnig verða samfélagsmál og viðburðir í samfélaginu hverju sinni til umfjöllunar eftir því sem við á.
- Fræðslumyndir, blaðagreinar, netmiðlar og annað sem til fellur og tengist viðfangsefni félagsfræðinnar
- Aukaefni frá kennara
- Tímaverkefni

Námseinkunn:

Kaflapróf, október og febrúar	30%
Ritgerð á haustönn	20%
Verkefni á vorönn, rannsókn/fyrirlestur	20%
Ástundun, virkni í tímum, tímaverkefni, annað	30%

Með fyrirvara um breytingar,

Margrét Adolfsdóttir